

Fundur stjórnar Íshökkísambands Íslands

Fimmtudaginn 24. ágúst 2025, klukkan 17:00

Fundarstaður: Engjavegur 6 auk Teams fjarfundar.

Mættir voru: Helgi Páll Þórisson formaður, (HP), Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir (GIP), Jóhannes Ævar Jónsson (JÆJ), Kristján Heiðar Kristjánsson (KHK), Brynja Vignisdóttir (BV), Sigrún Agata (SA), og Viðar Garðarsson (VG) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Pétur Andreas Maack (PM), Vilhelm Bjarnason (VB),

Mótamál, Formaður rakti stöðuna og hvað gerðist frá síðasta stjórnarfundi. SA fólk vildi helst ekki setja fram 4 liðið í mfl karla. Þetta var rætt ítarlega við félagið á fundi sem HP og VG áttu með félaginu. Í kjölfarið á þessum fundi var farið að skoða hvernig önnur lönd leika deildarkeppni í tveimur styrkleikaflokkum. Úr varð að reyna að skella saman í eina umferð mfl karla og Nýstofnaðri Junior deild, skipta síðan upp eftir eina umferð og spila deildirnar algerlega í sitt hvoru lagi. Eftir ítarlega skoðun kom í ljós að nokkur lönd eru að gera svipaða hluti þannig að þessi útfærsla ætti að uppfylla kröfur Alþjóða Íshökkísambandsins.

Mótanefndin var strax sett af stað í því að setja upp komandi mót með þessum hætti. Sú vinna var að klárast þegar SR sem í vor hafði tilkynnt lið inn í Junior deildina ákvað að draga lið sitt í Junior deildinni úr keppni. Enn á ný þurfti mótanefndin að fara að teikniborðinu og er sú vinna að fara í gang og næsti fundur mótanefndar er í kvöld 24. ágúst klukkan 20:00.

Námskeið og fundir á vegum IIHF á næstu vikum.

Í enda september og fyrstu daga október mánaðar eru samfallandi Global Hockey Forum GHF og Semi Annual Congress SAC á vegum IIHF. Þrjú áhersluatriði verða til umfjöllunar á GHF, Kvenna hokkí, þróun leikmanna, og Markaðsmál. Samþykkt var að eftirfarandi aðilar færu fyrir hönd IHI á GHF.

Helgi Páll Þórisson – Development

Rúnar Rúnarsson – Development

Sigrún Agatha Árnadóttir – Womens Hockey

Jón Gíslason – Womens Hockey

Viðar Garðarsson – Marketing

Helgi Páll og Viðar halda svo áfram inn á SAC.

IIHF heldur Integrety Workshop í Dublin, Írlandi 16. til 19. Nóvember. Okkar fulltrúi er GIP sem er heilindafulltrúi sambandsins. Nokkrar umræður sköpuðust um störf

Heilindafulltrúans og hvernig haldið er utanum þau gögn sem hún sendir frá sér til IIHF.

Samþykkt var að hún myndi gera stjórn viðvart um mál sem hugsanlega fara í gang án þess að brjóta trúnað við einstaklinga og félög.

Verkefnið Fljótasti skautarinn fyrir U14 aldurshópin var kynnt lauslega en þarna er um að ræða skemmtilegan leik sem bæði Hokkífolk og listhlauparar taka þátt í. Samþykkt var að sambandið tæki þátt í þessu verkefni sem er keyrt áfram af Andra Magnússyni.

Önnur mál,

Farið var endanlega yfir verðskrá sambandsins og gerðar minniháttar lagfæringar, samþykkt var að birta mætti verðskrána.

HP greindi frá að samningar hefðu náðst bæði við Kim McCullough fyrir U18 kvenna liðið og Martin Struzinski fyrir karla liðið.

Ekki hafa komið enn viðbrögð frá Umf. Fjöltnis vegna bréfs framkvæmdastjóra ÍHÍ til formanns aðalstjórnar og framkvæmdastjóra Fjöltnis.

JÆJ minnti á að enn ætti eftir að taka fyrir uppkast af afreksstefnu sem liggur hjá stjórn að afgreiða. Stjórnarfolk beðið að lesa vel yfir þannig að hægt verði að afgreiða stefnuna formlega og setja hana á vef sambandsins.

Fundi slitið.